



Seðlabanki Íslands
Már Guðmundsson, seðlabankastjóri
Kalkofnsvegi 1
101 Reykjavík

FORSÆTISRÁÐUNEYTIÐ

Stjórnarráðshúsinu við Lækjartorg 101 Reykjavík
sími: 545 8400 postur@for.is
forsaetisraduneyti.is

Reykjavík 15. mars 2019
Tilv.: FOR18110068/11.8

Með bréfi, dags. 12. nóvember 2018, óskaði ég eftir greinargerð frá bankaráði Seðlabanka Íslands um mál bankans gegn Samherja hf., sbr. dóm Hæstaréttar Íslands í máli nr. 463/2017 frá 8. nóvember 2018.

Umbeðin greinargerð bankaráðs, ásamt bókunum, barst mér 21. febrúar 2019. Í greinargerðinni er auk umfjöllunar um mál Samherja hf. fjallað um álit umboðsmanns Alþingis frá 22. janúar 2019 er varðaði álagningu stjórnarsýslusektar á einstakling vegna brota á reglum um gjaldeyrismál. Þá hefur mér nú jafnframt borist bréf frá umboðsmanni Alþingis, dags. 4. mars 2019, þar sem umboðsmaður gerir mér grein fyrir því að honum hafi borist upplýsingar um samskipti starfsmanna Seðlabanka Íslands við Ríkisútvarpið í aðdraganda húsleitar hjá Samherja hf. 27. mars 2012.

Að svo stöddu og með vísan til framangreindra gagna hef ég ákveðið, sbr. 14. gr. laga nr. 115/2011, um Stjórnarráð Íslands, að óska frekari upplýsinga, skýringa og gagna um eftirtalda þrjá þætti málsins er lúta að:

- fyrirhuguðum úrbótum í stjórnarsýslu Seðlabanka Íslands sem boðaðar eru í greinargerð bankaráðs,
- fyrirbyggjandi afstöðu ríkissaksóknara frá árinu 2014 til gildis refsheimilda sem ítarlega er fjallað um í áliti umboðsmanns Alþingis frá 22. janúar 2019
- og meintri upplýsingagjöf starfsmanna Seðlabanka Íslands til Ríkisútvarpsins um fyrirhugaða húsleit hjá Samherja hf. 27. mars 2012, sbr. bréf umboðsmanns Alþingis, dags. 4. mars 2019.

Hér á eftir er gerð nánari grein fyrir framangreindum þáttum í erindi mínu.

Úrbætur í stjórnarsýslu Seðlabanka Íslands

Í greinargerð bankaráðs Seðlabanka Íslands eru raktar aðgerðir sem bankinn hyggst grípa til vegna dóms Hæstaréttar Íslands í máli Samherja hf. og álits umboðsmanns Alþingis frá 22. janúar 2019 og lúta að úrbótum í stjórnarsýslu Seðlabanka Íslands til framtíðar sem og aðgerðir sem bankaráð Seðlabanka Íslands telur tilefni til að bankinn grípi til. Tilgreindar aðgerðir eru eftirfarandi:

- Að bankinn muni meta verklag sitt vegna málsmeðferðar innan bankans í sambærilegum tilvikum og uppi voru í máli Samherja hf.
- Að dómur Hæstaréttar gefi tilefni til þess að við afgreiðslu fyrirspurna um stöðu einstakra mála verði lögð áhersla á að svarað sé með þeim hætti að ekki skapist hætta á að það stofnist

réttmætar væntingar hjá málsaðilum sem stangast á við málsmeðferð viðkomandi máls innan bankans.

- Að Seðlabankinn hyggist endurskoða skráningar í málaskrárkerfi bankans þegar málum hefur verið vísað til lögreglu.
- Að bankinn hyggist taka upp allar sektir og sáttir sem lagðar voru á eða gerðar á grundvelli ógildra refsheimilda.
- Að bankaráð Seðlabanka Íslands telji eðlilegt að bankinn setji sér viðbragðsáætlanir við fjármálakreppum og uppfæri þær reglulega. Þar á meðal viðbragðsáætlun er feli í sér að Seðlabankinn sé viðbúinn því að grípa til aðgerða eins og fjármagnshafta í framtíðinni.
- Að bankinn taki ábendingum umboðsmanns Alþingis í áliti frá 22. janúar 2019 alvarlega og muni fara eftir tilmælum hans.

Með hliðsjón af framangreindu óska ég eftir því að Seðlabankinn láti forsætisráðuneytinu í té upplýsingar og áætlanir um það með hvaða hætti gripið verði til framangreindra aðgerða. Sérstaklega er óskað eftir að bankinn lýsi afstöðu sinni til áherslna bankaráðs um að eðlilegt sé að bankinn setji sér viðbragðsáætlanir við mögulegum fjármálakreppum í framtíðinni og er í því sambandi jafnframt óskað upplýsinga um hvort og þá að hvaða marki slíkar viðbragðsáætlanir hafi þegar verið unnar.

Afstaða ríkissaksóknara til gildis refsheimilda

Í áliti umboðsmanns Alþingis frá 22. janúar 2019, sbr. einnig ummæli umboðsmanns Alþingis á opnum fundi hjá stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis þann 6. mars sl., kemur fram sú afstaða umboðsmanns að ríkissaksóknari hafi þegar á árinu 2014 kveðið skýrt að orði, í tilgreindum ákvörðunum sínum um niðurfellingu mála, að ekki hafi verið til staðar gildar refsheimildir vegna brota á reglum Seðlabanka Íslands um gjaldeyrismál á tímabilinu frá því í nóvember 2008 eða frá samþykkt laga nr. 134/2008, og fram að þeim tíma er ákvæði umræddra reglna Seðlabanka Íslands voru felld inn í lög um gjaldeyrismál með breytingarlögum nr. 127/2011, þann 27. september 2011.

Af þessu tilefni óska ég eftir því að Seðlabankinn veiti mér nánari upplýsingar um hvaða skilning bankinn hafði á afstöðu ríkissaksóknara til gildis refsheimilda sem birtist í ákvörðunum hans um niðurfellingu mála á árinu 2014 og umboðsmaður vísar til. Ég óska jafnframt eftir því að Seðlabankinn lýsi viðhorfi sínu til þess almennt hvaða þýðingu afstaða ríkissaksóknara til gildis refsheimila eigi að hafa varðandi úrlausnir Seðlabankans sem sjálfstæðs stjórnvalds í málum þar sem til álita kemur að beita stjórnsluviðurlögum, á grundvelli sömu heimilda.

Í áliti umboðsmanns Alþingis kemur fram að hann hafi ekki, þrátt fyrir yfirstandandi athugun hans á gjaldeyriseftirliti Seðlabanka Íslands, sbr. bréf umboðsmanns Alþingis til fjármála- og efnahagsráðuneytisins, bankaráðs Seðlabanka Íslands, seðlabankastjóra og stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis, dags. 2. október 2015, verið upplýstur um framangreinda afstöðu ríkissaksóknara til gildis refsheimilda. Af áliti umboðsmanns Alþingis og ummælum hans á fundi stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis má einnig ætla að hvorki fjármála- og efnahagsráðuneytið, sem fór með yfirstjórn Seðlabanka Íslands á þessum tíma og fer jafnframt með stjórnarmálefnið gjaldeyrismál, né bankaráð Seðlabanka Íslands hafi verið upplýst um umrædda afstöðu ríkissaksóknara. Þá verður helst ráðið af ummælum umboðsmanns Alþingis á fyrrnefndum fundi hjá stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd að Seðlabankinn hafi heldur ekki upplýst Lagastofnun Háskóla Íslands um framangreinda afstöðu sem þó var falið af hálfu bankaráðs Seðlabanka Íslands að vinna sérstaka stjórnsluúttekt á starfsemi gjaldeyriseftirlits Seðlabankans þar sem m.a. var fjallað um álitafni er vörðuðu gildi umræddra refsheimilda. Með hliðsjón af framangreindu tel ég tilefni til að óska sérstaklega eftir upplýsingum um ástæður þess að umboðsmaður Alþingis var ekki upplýstur um afstöðu ríkissaksóknara þrátt fyrir yfirstandandi athugun embættisins m.a. á gildi umræddra refsheimilda. Þá óska ég jafnframt eftir upplýsingum um hvort ráðuneytið, bankaráð og Lagastofnun hafi verið upplýst um afstöðu ríkissaksóknara og ef svo hafi ekki verið, þá hvaða ástæður hafi legið þar að baki.

Meint upplýsingagjöf starfsmanna Seðlabanka Íslands til Ríkisútvarpsins

Í bréfi umboðsmanns Alþingis til forsætisráðuneytisins, dags. 4. mars sl., sem umboðsmaður hefur birt á heimasíðu sinni, kemur fram að umboðsmanni hafi borist upplýsingar um samskipti starfsmanna Seðlabanka Íslands og Ríkisútvarpsins í aðdraganda húsleitar á starfsstöðvum Samherja hf. 27. mars 2012 sem gefi tilefni til að kallað verði eftir því hver hafi verið hlutur starfsmanna gjaldeyriseftirlits Seðlabankans í að upplýsa starfsmenn RÚV um hina fyrirhuguðu húsleit.

Tekið skal fram að forsætisráðuneytið hefur ekki framangreindar upplýsingar undir höndum sem umboðsmanni voru veittar undir vernd samkvæmt 18. gr. laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis.

Með vísan til framangreinds bréfs umboðsmanns Alþingis, sbr. einnig ummæli hans um málið á opnum fundi stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis miðvikudaginn 6. mars sl., tel ég tilefni til þess að óska eftir því, hér með, að Seðlabanki Íslands veiti upplýsingar um hvort starfsmenn bankans hafi veitt Ríkisútvarpinu upplýsingar um hina fyrirhuguðu húsleit hjá Samherja hf. og ef svo er á hvaða lagagrundvelli þær upplýsingar hafi verið veittar. Einnig óska ég eftir upplýsingum um það, ef við á, hvaða aðili innan bankans hafi tekið ákvörðun um veitingu upplýsinganna og jafnframt hver hafi verið aðkoma og vitneskja yfirstjórnar bankans um þessi samskipti við Ríkisútvarpið. Auk framangreindra upplýsinga óska ég eftir afriti af öllum fyrirbyggjandi gögnum sem geta verið til þess fallin að varpa ljósi á samskipti starfsmanna Seðlabanka Íslands við Ríkisútvarpið í aðdraganda húsleitarinnar.

Þá vil ég að lokum að gefa Seðlabankanum kost á að tjá sig almennt um greinargerð bankaráðs Seðlabanka Íslands og bókana sem henni fylgdu, að því marki sem Seðlabankinn telur tilefni til.

Ég óska eftir að framangreindar upplýsingar, skýringar og gögn berist forsætisráðuneytinu eigi síðar en 1. apríl nk.



Katrín Jakobsdóttir

Ljósrit: Bankaráð Seðlabanka Íslands, stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis, umboðsmaður Alþingis